



Stjórnarfundur haldinn 11. nóv. 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sigurvin, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/yfirdráttar í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi. Aðalstjórn samþykkir beiðni körfuknattleiksdeildar um að framlengja yfirdráttinn allt að einni miljón króna til 31. maí 2005.

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/evrópukeppni en framkvæmd þykir góð og vekur athygli hérlendis sem erlendis. Formaður körfuknattleiksdeildar vill koma á framfæri þakklæti til framkvæmdastjóra félagsins fyrir hans þátt en hann ber hitan og þungan af móttöku erlendra gesta okkar. Formaður körfuknattleikssambands Íslands hrósar okkur fyrir gott starf við móttöku á liðum, dómurum og allan annan undirbúning leikja.

3. Send bréf.

Bréf sent til MÍT v/ deiliskipulags á íþróttasvæði Keflavíkur v/bílastæða innisundlaugar við Sundmiðstöðina við Sunnubraut.

Bréf sent í tölvupósti til allrar stjórnar Keflavíkur v/kjörs á íþróttamanni Keflavíkur 2004 einnig sett í hólf deilda.

4. Jólblað félagsins.

Einar skýrði frá stöðu mála á blaðinu. Auglýsingaöflun hefur gengið vel og verður eitt viðtal í blaðinu að þessu sinni við Eydísi Konráðsdóttur. Blaðið verður væntanlega borið út 3. – 5. des og hefur 4.fl. kvenna verið falið það verkefni. Tvö tilboð hafa borist í uppsetningu, frágang og prentun þ.e. frá Grágás þar sem blaðið hefur verið prentað undanfarin ár. Einnig liggur fyrir tilboð frá Víkurfréttum. Aðalstjórn þakkar aðilum fyrir sýndan áhuga að á uppsetningu, frágang og prentun á Jólblaði félagsins. Ákveðið að taka tilboði frá Grágás.

5. Önnur mál.

Einar lagði fram nýja mynd af Kela. Mönnum leist bara vel á og ákváðu að skoða málið áfram. Rætt um að skipa í nefnd á næsta fundi varðandi byggingu nýs félagsheimilis.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:10.



Keflavík íþróttasvæði og ungmennafélag fyrirmyndarfélag ÍSÍ

